


Á bernskuárum horfði hann út á fjörðinn af hlaðinu á Snotrunesi og þar blóstu við honum fjölþætt svipbrigði hafflatarins. Stundum var hann eins og skuggsjá, sem spegladi formfegurð og litbrigði fjallanna. Þau litbrigði eru fágæt, því Borgarfjörður liggur á mótum tveggja ólíkra bergsvæða, blágrýtið ræður vestan fjarðarins en ljósgrýti (líparít) austan. Í annan tíma horfði drengurinn á ygglibrún hafsins, þegar vindar blésu. Brigdult skaplyndi þessarar höfuðskepnu vakti með honum innri óró og löngun til þess að skyggjast lengur, og drengurinn undraðist ekki, þegar hann heyrði sagt frá saudamanninum, sem í fyrndinni hafði gripið slæðuna þarna niðri í fjöruborðinu og steipt sér í sjóinn. Hann hafði líka borið nokkuð úr bítum, því þegar þau Snotra húsfreyja stóðu aftur í fjörunni niður undan bænum og hún komist að því, að hann hafði haft djörfung til þess að fylgja henni eftir, enda sýnt henni sauðarrífið til jarteina, þá sagði hún:

En Elías hélt út í hinn óræða heim handan hinna svipmiklu Dyrfjalla. hann réðst í brúarvinnuflokk Sigurðar Jónssonar og starfaði lengi með honum á sumrum, líklega ein 12 ár, en var í skóla á vetrum. Samfélag brúarvinnumannanna var sérstætt á þeim árum. Þar komu saman lífsreyndir erfðismenn, kóngsins lausamenn og lítt harðnaðir skóláptilur og unnu saman að mannvirkjagerð. Flokkarnir voru fjölmennari, en nú gerist, þar eð vélar og tæki voru ekki orðin jafn stórvirk og afkastamikil enda ýmis tækniundur ekki komin til skjalanna. Störfirn voru fjölbreytt og reyndu á fjölbærni og dug starfsliðsins. Að loknum vinnudegi héldu menn til tjalda sinna og þar var skrafað og lesið. Bókakistur úr birgðageymslu Vegagerðarinnar komu og fóru. Og margt var bitastætt í þeim kistum. Það sagði mér virðulegur klerkur, sem var skóláptilur í brúargerð með Elíasi frá Snotrunesi, að eitt sinn hefðu þeir dvalist nær heilan dag um helgi

á öðlast nokkra lífsreynslu, áður en þeir byrja formlegt nám, þannig að þeir búi yfir sjálfstæðri dómgreind. Ungum mönnum hættir til þess að taka orð kennaranna of hátíðlega og ósjaldan sem endanleg sannindi. Skólinn boðar hvorki sannleika eða lygi. Nám myndlistar nema þar á fremur að vera leit undir leiðsögn víðsýnna kennara. Skólinn er nauðsynlegur, ef menn vilja ná umtalsverðum árangri. En mönnum liggur alls ekki á að byrja myndlistarnám á unglingsárum. Þegar ég var í Handíða- og myndlistarskólanum á árunum 1954—'58, voru þar margir ágætir kennarar. Sá sem ég tel mig hafa lært mest af þá var Sigurður Sigurðsson. Hann er góður kólörísti og lauk upp fyrir mér leyndardómum málverksins. Já, kennararnir voru ágætir, ef menn sýndu áhuga og dugnað. Þeir voru listamenn og áttu bágt með að skilja þá, sem ekki nenntu að takast á við viðfangsefnin af þrótti og viljafestu. Að vísu þótti mér nokkuð skorta á tækni-

getur haft áhrif á hóp fólks, vakið áhuga fyrir listgrein sinni og þroskað smekk. Mynd á heimili er lúmskt afl. Börn, sem alast upp við myndlist, verða næmari fyrir umhverfinu og svo fer, að þau una ekki myndlausum veggjum. Góðar myndir eru eins og gluggar, sem fylgja fólki. Mér koma einnig í hug ungir leikarar. Fólk, sem hefur lært að tala vel. Kennarar kvarta mjög undan því, að þeir nái engum árangri í íslenskukennslu. Það tel ég hiklaust stafa af því, að ekki er kennd framsögn. Þegar framburður er vandaður og skýr, vilja menn læra rétt mál. Fjölmargir ungir leikarar ganga atvinnulausir um þessar mundir. Þetta fólk gæti haft nóg að gera, ef komið væri á betra skipulagi og hræðslan við dreifbýlið yrði upprætt. Það gæti áreiðanlega vakið börn, unglinga og fullorðna til eindreginnar menningarviðleitni með áhugaverðu og skemmtilegu efni og lifandi kennslu. Það veitir sannarlega ekki af því að kenna fólki rétta og eðlilega tjáningu.



„Hafðu mikla þökk fyrir, maður; þú hefir leyst mig úr ánaðu. Það var lagt á mig að ég skyldi fara í mannheima og vera þar alla ævi nema hverja jólanótt skyldi ég mega vera í álfheimum. Maðurinn í hásatinu er konungur og maðurinn minn. Það var lagt til bóta að ef mennskur maður þyrði að fara á eftir mér til álfheima og sjá þar bústaði mína skyldi þessi álog ganga af mér og hefir þú nú hjálpað mér svo ég má fara heim til konungs míns, en þú munt verða hinn mesti gæfumadur...“ Það fór eftir sem konan sagði og sauðamaður varð bóndi í Nesi og bjó þar við farsæld til hárrar elli. En síðan er bærin kenndur við Snotru og kallaður Snotrunes. Er þessa bæjar alloft getið í þjóðsögum og sögnum. Ætt Elíasar B. Halldórssonar hefur búið þar lengi. Í tvíþýli bjuggu þar báðir afar hans, Ármann og Björn, og fjölskyldur þeirra. Foreldrar hans voru Halldór Ármannsson og Gróa Björnsdóttir, sem tóku þar við búsförðum og eignuðust fjögur börn. Ekki hefur jörðin ennþá gengið úr ættinni, því þar býr nú systursonur Elíasar.

III

Elías var barnungur, þegar hann missti móður sína og aðeins 15 ára fór hann að heiman. Hugur hans stefndi snemma til listrænna átaka, en lítt til búmennsku. Hann hafði löngum glímt við orðin, leikið sér að hugmyndum og sókkt sér niður í bóklestur. Heima í Snotrunesi var nokkur bókakostur og fyrir fermingu hafði hann m.a. lesið allar Íslendingarsögurnar. Það hefur honum löngum reynst góð undirstaða. Bróðir hans, Ármann, sem lengi hefur verið kennari við Eihólaskóla, kom á þeim árum með bókmenntir heim með sér — nýja höfunda og gagnmerkjar þýðingar. Elías svalg í sig þennan laxtvæna skáldskap. Þá var Halldór Laxness á þungu skrjóti, svo boðaföll hrifningar og andúðar náðu inn á hvern fjörð, snílldarþýðingar á kunnum verkum eftir þá Hemingway, Steinbeck og Sherwood Anderson komu eins og áhrifarík vakningarit, Steinn Steinar sló nýjan streng og tónar hann gerðust sífelld áleitnari og síðast en ekki síst gaf Magnús Ásgeirsson þjóð sinni fjársjóði ljóða frá ýmsum löndum. Allt varð þetta Elíasi jafn mikil fagnaðarföng og sauðamanninum ketið feita í álfheimum. Það var eins og að finna töfraslæðu á ströndinni. Hann sá nýja heima opnast, varð að hlaupa út um víðan völl og fanga sem fjölþættast áhrif, svo hann gæti skrifað, brotið sér braut og orðið rithöfundur.

Um það voru kannski skiptar skoðanir heima í Snotrunesi, hvort slíkt væri vænlegt til góðrar afkomu. Ekki voru þar þó bornar brigður á gildi skáldlistar, enda talin nauðsynleg með daglegu amstri. Orð væru svo sem alltaf til reiðu á hvíldarstundum.

Á Kjarvalsstaðasýningu síðastliðið vor: Elías við stærstu myndina, Blóðnætur 205x900 sm.

hátt uppi í skógivaxinni fjallshlíð og haft með sér brjóstbirtu á fleyg og ljóðabýðingar Magnúsar Ásgeirssonar. Hrifinn hafði Elías þá leitt hann inn í ljóðheima Gullbergs og Fróðings — aukinheldur sem hann kundi utanbókar þýðingu Magnúsar á ljóði eftir þann síðarnefnda, sem ekki hafði þótt við hæfi að birta á bók á þeim árum. „Þetta var mér ógleymanlega skemmtilegur dagur,“ sagði prestur áratugum síðar, „og mér er næsta hlýtt til listamannsins frá Snotrunesi og met hann mikils.“ En um þær mundir voru litir og form tekin að sækja fast á huga Elíasar. Snemma hafði hann séð ósvikin listaverk. Jóhannes Sveinsson Kjarval hafði löngum komið í Borgarfjörð eystra á sumrin og þar hafði meistarin skilið eftir málverk, sem gerði litlar stofur stórar. — Frænkur hans tvær voru þar. Menn dáðu þennan hávaxna huldusvein og öllum var vel við hann, en litu hann aldrei sem venjulegan mann. Þeir voru hálf hræddir að nálgast hann og hann gekk með einskonar grímu. — Þannig komst Elías að orði, þegar við sátum í stofunni í Laufási á liönu hausti og spjölluðum saman um lífið og listina. Og hann bætti við: — Þegar ég sýndi í Reykjavík árið 1967 kom Kjarval á sýninguna og keypti mynd. Þá fékk ég tækifæri til þess að sitja með honum einum og þá kom hann fyrir eins og venjulegur maður. Hann bar ekki á mig hól, en ræddi af alvöru og djúpum skilningi um myndirnar; var hvetjandi og fullkomlega einlágur. En um leið og einhver birtist setti hann upp þessa einkennilegu kjólu svo erfitt var að henda reiður á hvert hann væri að fara. Þessi undarlega gríma, sem ég kalla svo, var vörn einfarans gegn trúlandi ásókn forvitinna samferðamanna. Kjarval þráði umfram allt næði til þess að hugsa um viðfangsefni sín og að vinna. Ég er ekki í neinum vafa um það, að honum féll best að vera einn, þá var hann sjálfum sér nógur. Það er einkenni mikilla listamanna. —

IV

Við Elías hittumst ekki til þess að ræða um Kjarval og því spyr ég hann, hvenær hann hafði sjálf haft myndlistarnám. Hann hugsar sig um litla stund og segir síðan: — Það mun hafa verið haustið 1954, sem ég hóf nám í Handíða- og myndlistarskóla Íslands. Þá var ég 24 ára og er þeirrar skoðunar, að það hafi alls ekki mátt gerast fyrr. Yfirleitt hefja menn myndlistarnámið alltof ungir. Þeir mega til með

kennslu í skólanum. Því fór ég utan að námi loknu og nam við akademíuna í Stuttgart í Þýskalandi og akademíuna í Kaupmannahöfn. Var hálf tús á hvorum stað. Þar lagði ég sérstaka áherslu á modelteikningu, en var ekkert í málverkinu. Ég gleymdi að geta þess, að árin, sem ég var í Handíða- og myndlistarskólanum, var Lúðvík Guðmundsson skólastjóri hans. Hann var mjög litríkur og skemmtilegur persónuleiki. Tók ég oft að mér að snúast fyrir hann og hjálpaði til á skrifstofu skólans. Þá gaf hann mér eitt sinn eftirfarandi ráð: „Gættu þín á því, að tala aldrei við undirkyllur — farðu heldur beint á toppinn, ef þú á annað borð ætlar að koma málum þínum fram.“

V

Þetta er mildur síðsumardagur og inn um opinna glugga berst söngur heidagæsa neðan af Undirvellinum. Ég bíð eftir að Elías haldi áfram frásögn sinni, en þá segir hann allt í einu: — Annars hef ég takmarkaðan áhuga á því að rekja feril minn. Mér er eiginlega meira í mun að ræða stöðu listanna í landinu frá sjónarhorni manns, sem er að mála myndir norður á Sauðárkróki. Það er raunar undarleg staða, því flestir listamenn virðast hræddir við að dveljast utan Reykjavíkur, óttast þá að þeir gleymist í tærandi einangrun. En það verður mörgum að falli að verða frægur og þess vegna er gott að vera úti á landi, því þar er lítil hætta á því, að listamenn ofmetnist. Þar skortir hins vegar ekki næði til þess að vinna, og það er mikils vert að vera ótruflaður af þeirri spennu samkeppinnar sem þenur taugar margra listamanna á höfuðborgarsvæðinu. En víða um land vantar tilfinnanlega þá aðstöðu, sem listamenn eru í þörf fyrir. Ég er þeirrar skoðunar, að þorpi og kaupstaðir úti á landi ættu að eiga lítil hús til afnota fyrir alls konar listafólk. Þar á að gefa því kost á fríu húsnæði og jafnframt mætti greiða því lítils háttar laun. Síðan á þetta ágæta fólk að standa fyrir listkynningum hvers konar. Þetta mundi tvímælalaust borga sig því listin vekur fólk til frjórrar hugsunar, eykur heilbrigða samhygð og víðsýni, gefur lífi þess lit og gerir það ánægðara með hlutskipti sitt. Atvinnufyrirtæki eiga að leiða listir inn á gafl hjá sér. Það mun efla þroska og andlegt heilbrigði starfsfólksins og lyfta þá undir jákvæða þróun atvinnulífinsins, auka á hagsæld allra. Listamaður, t.d. málari, sem vinnur í þorpi eða litlum kaupstað, finnur fljótlega að hann

Þannig yrði lagður grunnur að blómlegra leiklistarstarfi og heilsteypitari leikhúsmenningu. Ég tel mikilvægt, að fjöldi listamanna losni undan þrjúgandi oki hegómlegrar frægðarlöngunar. Hún veldur því oft, að menn þora ekki að brjóta upp listiðkun sína og söðla um. T.d. myndlistarmenn, er dottið hafa ofan á vinsælt myndefni og stíl, sem fellur fjöldanum í geð og ekki síst þeim, sem hafa auraráð. Þeir þora alls ekki að söðla um og festast því í sama farinu, mála endalaust sömu myndina í nokkrum tilbrigðum. Þessir listamenn eru svo bundnir við myndina sína, að þeir fara ekki á sýningar hjá ungum myndlistarmönnum. Nú eru ungir menn að gera hluti, sem ganga ekki í augun á fólki. Þeir eru áráðnir og verk þeirra vekja efasemdir og undrun, ekki síst vegna þess að samkeppnisandi bættrar afkomu ræður viðhorfi fjöldans. Ungu fólkid getur ekki selt, en eigi að síður þorir það að gera hlutina. Það er ekkert takmark að verða rikur, en hins vegar er nauðsynlegt að listin geti komist til fólks — svo það geti notið hennar. Mér finnst nú mikils að vænta af ungu fólki, því það berst með réttu hugarfari. —

VI

Hér gerir Elías hlé á máli sínu og ég sveigi talið að list hans sjálfs. Eins og fyrr var að vikið, þá hélt hann málverkasýningu á Kjarvalsstöðum á liönu sumri. Þar sýndi hann 79 málverk, flest voru mjög stór í sniðum. Þessi sýning hefur ekki liðið mér úr minni, enda sannfærðist ég um það, að Elías sé nú einn af stórbrotnum og jafnframt sönnustu myndlistarmönnum, sem nú eru á dögum á þessu eylandi. Í orðum hans hér að framan felast raunar viðhorf hans og viðleitni. Hann er ekki veggskreytir til þjóknunar úreltum smekk. Hann leggur það mat á hlutverk listarinnar, að hún eigi að vekja mann til nýs skilnings, en megi síst af öllu svæfa þá á hægindi þess sem er, svo að þeir geti unað því með værd. Elías virðist eiga hægt með að söðla um í vali myndefnis og aðferða, en þó efast maður aldrei um, að hörð innri átök felast að baki þeim umfangsmiklu afstraktverku, sem hann hefur unnið að undanfögnu. Ummæli franska málarsins Jean Bazaine geta átt næsta vel við um stefnu Elíasar B. Halldórssonar: „Hann hefur augun opin mótt þessari veröld en því lengra sem á ferð hans líður, verður heimurinn innra honum rikari í augum.“ Hitt hefur löngum verið ljóst, jafnt af graffikverkum Elíasar, pastelmyndum og málverkum, bæði hlutstæðum sem afstrakt, að hann hefur jafnan flutt áhorfandanum dýpkæða hugarreynslu sína í sérstæðu og persónulegu formi. Þegar ég spyr hann að því, hvort hann stefni á ákveðna átt til afstrakt-listar, þá neitar hann því og heldur síðan áfram: — Frá upphafi hef ég ýmist málað figuratívt eða afstrakt. Það er líka erfitt að draga